

Síldarvinnslan hf. Neskaupstað  
Hafþór Eiríksson  
Hafnarbraut 6  
740 Neskaupstaður

Reykjavík, 20.12.2021  
UST202102-441/gf  
08.10.02

**Varðar reglubundið eftirlit 2021 – fiskimjölsverksmiðja Síldarvinnslunnar hf. á Neskaupstað**

Þann 31.8.2021 fór fram eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar hf. á Neskaupstað. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Bent var á kröfu í starfsleyfi um að láta framkvæma hljóðmælingu á árinu 2021. Frávik var skráð á umgengni um efnavöru, þ.e. olíur og önnur efnavara er geymd á svæði þar sem engin lekavarnarþró eða olíuskilja er fyrir hendi.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 7.1.2022.**

Virðingarfyllst,

Gottskálf Friðgeirsson

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

**Afrit:**  
Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis